



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Áhættustýring til framtíðar

Innleiðing sjálfbærni- og loftslagsmarkmiða hjá lífeyrissjóðum

REBEKKA ÓLAFSDÓTTIR
Formaður áhættunefndar LL



Loftslagsáhætta og lífeyrissjóðir

Af hverju þurfa lífeyrissjóðir að meta loftslagsáhættu?

- Meginstarfsemi og aðalmarkmið lífeyrissjóða er að **taka við iðgjöldum, varðveita og ávaxta eignir** til að **hámarka lífeyrisgreiðslur** til sjóðfélaga og **greiða út lífeyri**
- Lykiláhættur lífeyrissjóðanna eru því þeir atburðir sem ógna verulega getu þeirra til að ná þessu aðalmarkmiði sínu
 - Sjóðirnir þurfa að taka tillit til og bregðast við áhættu sem ógnað gæti þessu markmiði og þar er loftslagsáhætta ekki undanskilin
- Loftslagsáhætta byggist upp á löngum tíma og því oft erfitt að tímasetja áhrif hennar
- Lífeyrissjóðirnir eru langtímafjárfestar => afleiðingar loftslagsbreytinga áþreifanleg innan tímaramma skuldbindinga sjóðanna
 - Ef ná á settum markmiðum í loftslagsmálum munu umtalsverðar kerfislegar breytingar verða sem munu hafa töluverð áhrif
 - Taka þarf tillit til þessarar áhættu og bregðast við með viðeigandi hætti => **þar hafa lífeyrissjóðir stóru hlutverki að gegna**
- Loftslagsáhætta skiptist í raunáhættu og umbreytingaráhættu
 - **Raunáhætta (e. physical risk):** á við um áhættu vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga á veðurfari (t.d. hitabylgjur, aurskriður, flóð, skógareldar, stormar) og langtímaáhrifa breytinga loftslags á vistkerfi jarðar (t.d. breytt rigningarmynstur, hækkun meðalhita, hækkun sjávarmáls og súrnun sjávar)
 - **Umbreytingaráhætta (e. transition risk):** á við um áhættu sem stafar frá umbreytingum yfir í lágkolefnahagkerfi - Aðgerðirnar eru mikilvægar, en snögg og óskipuleg umskipti geta haft neikvæð áhrif á fyrirtæki, atvinnugreinar og efnahagslífið almennt



Loftslagsáhætta og lífeyrissjóðir

Dæmi um loftslagsáhættu sem gæti haft áhrif á ávöxtun lífeyrissjóðanna

■ Raunlæg áhætta

- Öfgar í veðurfari
- Hækkun sjárvarborðs
- Súrnun sjávar
- Áhrif á birgðakeðjur og áskoranir þvert á landamæri
- *Veðurstofan með skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar (Anna Hulda)*

■ Umbreytingaráhætta

- Fjárfestingar sem skorta aðlögunarhæfni í breyttri hegðun neytenda
- Fjárfestingar sem skorta fylgni við regluverk
 - Íslensk stjórnvöld hafa sett það sem markmið að Ísland verði kolefnishlutlaust eigi síðar en árið 2040 og óháð jarðefnaeldsneyti fyrir 2050
 - Uppfært áfangamarkmið Íslands um kolefnishlutleysi losunar kveður á um 55% samdrátt (miðað við 1990) í losun gróðarhúsalofttegunda fyrir 2030 í samfloti með Noregi og ESB og er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda



Loftslagsáhætta og lífeyrissjóðir

Hvernig á að mæla hana og greina?

- Hvernig hafa fjárfestar metið, greint og vaktað áhrif loftslagsáhattu á fjárfestingar hingað til?
 - Villta vestrið í upplýsingum, samanburður erfiður, regluverkið eftirá og lengi vel engir samhæfðir staðlar
- **GHG Producal** (Greenhouse Gas Producal)
 - Alþjóðlega viðurkennd og mikið notuð aðferðafræði til að framkvæma ítarlega greiningu á beinum/óbeinum umhverfisáhrifum fyrirtækis ofar í virðiskeðjunni
- **PCAF samtök** (Partnership for Carbon Accounting Financials)
 - Nýta GHG Producal til að greina losun gróðurhúsalofttegunda frá útlánnum og eignasafni fjármálastofnunar samkvæmt aðferðafræði samtaka um þróun loftslagsbókhalds (PCAF)
 - Gerir fjármálafyrirtækjum kleift að meta og gefa upp útlosun gróðurhúsagasa á fjárfestingum þeirra á staðlaðan hátt
- **CIC** (Climate Investment Coalition)
 - Viljayfirlýsing sem hvetur til grænna fjárfestinga þar sem sjóðir setja sér markmið um hlutfall í grænum fjárfestingum
 - Ekki verið að mæla heildarútbástur fjárfestinga heldur teljast fjárfestingarnar annað hvort grænar eða ekki - til að teljast grænar þurfa að minnstu 60% af tekjunum að vera grænar



Þróun sjálfbærra fjárfestinga hjá ESB

Byrjum á byrjuninni



- Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna 2015
- Parísarsamkomulagið 2016
 - Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 & áætlun um að auka fjármagnshvata fyrir fyrirtæki til að aðlaga sig í losun gróðurhúsalofttegunda og viðnámi gegn loftlagsbreytingum
- Aðgerðaráætlun framkvæmdarstjórnar ESB um fjármögnun sjálfbærs vaxtar 2018
 - Aðgerðir útlistaðar sem eiga að stýra flæði fjármagns til sjálfbærra lausna => fjármálakerfið hluti af lausninni
 - Á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar setti ESB eftirfarandi reglugerðir sem hafa áhrif á Íslandi
 - Til að samræma upplýsingagjöf um áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingaákvæðanir
 - **SFDR** - Reglugerð (ESB) 2019/2088 um sjálfbæra upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu
 - **CSRD** - Reglugerð (enn óinnleidd í íslenskan rétt) um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (líka „non-financial“) og kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (grein 66.d)
 - Til að koma á samræmdu flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teldist sjálfbær atvinnustarfsemi
 - **Flokkunarkerfi ESB (e. EU Taxonomy)** - Reglugerð (ESB) 2020/852 um samræmdan ramma fyrir sjálfbærar fjárfestingar
 - Drög að lögum um áreiðanleikakönnun á sjálfbærniupplýsingum stærri fyrirtækja
 - **CSDDD** (Corporate Sustainability Due Diligence and amending Directive) - Gerir fyrirtæki ábyrg fyrir að skoða virðiskeðjuna frá A-Ö



ESB flokkunarkerfi (e. EU Taxonomy)

Hver er tilgangurinn?

- Flokkunarkerfi sem ætlað er að hjálpa fjárfestum og fyrirtækjum að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir með viðmiðum um hvort atvinnustarfsemi teljist umhverfislega sjálfbær
 - Samstilltir hagsmunir einkaaðila og umhverfisins
 - Samræmdur rammi sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum
 - Spornar við “grænþvotti”
 - Skapar grundvöll fyrir evrópska staðla og vottanir
 - EU Green Bond Standard og EU Ecolabel
- Aðilum á fjármálamarkaði gert að birta upplýsingar um hvort, og þá hvernig, afurðir sem seldar eru sem “sjálfbærar” falla að flokkunarkerfi ESB
- Gildistaka og gildissvið
 - Tekur gildi á Íslandi 1. júní 2023 til birtinga í ársreikningum fyrir 2023
 - Gildir um aðila á fjármálamarkaði
 - Gildir einnig um stór félög og einingar tengdar almannahagsmunum sem falla undir skyldu til að birta ófjárhagslegar upplýsingar (NFDR)
 - Eins og lögín og reglugerðin voru innleidd inn í íslenskan rétt eru **lífeyrissjóðirnir ekki undir tilskipuninni** (sjá 2. tölul. 1.gr. laga nr. 1682/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar)



ESB flokkunarkerfi (e. EU Taxonomy)

Hvernig virkar það?

- Flokkunarkerfið tekur mið af sex umhverfismarkmiðum
- Skilyrði þess að atvinnustarfsemi geti talist sjálfbær:
 - Verulegt fjármagn til a.m.k. eins af umhverfismarkmiðunum (e. substantial contribution)
 - Einnig starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla verulega að markmiðunum
 - Starfsemin skaði ekki verulega neitt af öðrum markmiðum (e. do no significant harm)
 - Lágmarks verndarráðstöfunum sé fullnægt
 - Megindegum og egindlegum tæknilegum viðmiðum sé fullnægt

Sex umhverfismarkmið liggja til grundvallar Flokkunarreglugerðinni sem gildir fyrir öll stærri og skráð fyrirtæki á Íslandi

Loftslagstengd markmið



Mildun loftslagsbreytinga



Aðlögun að loftslagsbreytingum


Önnur umhverfismarkmið



Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda



Umbreyting í hringrásarhagkerfi



Mengunarvarnir og eftirlit með mengun



Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa



SFDR – Upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu

Hver er tilgangurinn?

- Samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa um þær upplýsingar sem þeim ber að birta fjárfestum með viðeigandi hætti um sjálfbærnitengd áhrif í tengslum við fjármálaafurðir
- Tilgangurinn með SFDR-reglugerðinni er að auka gagnsæi í tengslum við:
 - Upplýsingagjöf um **aðilann sjálfan**
 - Hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir og ráðgjöf (3.gr.)
 - Hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til skaðlegra áhrifa á sjálfbærni þætti í fjárfestingarákvörðunum (4.gr.)
 - **PAI** – (Principle Adverse Impact) - Aðferð við að mæla hvernig útgefendur hafa neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti
 - Upplýsingagjöf um **fjárfestingarafurðir** sem efla U eða F þætti (8. gr. sjóður) og/eða afurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að meginmarkmiði (9. gr. sjóður)
 - Á hvern hátt áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir þeirra
 - Líkleg áhrif áhættu tengda sjálfbærni á ávöxtun fjármálaafurða
 - Upplýsingar ber að veita:
 - Á vefsetrum, í starfskjarastefnum, áður en samningur er gerður, í ársskýrslum og í markaðsefni ef við á
 - Lífeyrissjóðum skylt að uppfyllta 3.- 5. gr. reglugerðarinnar og tekur SFDR- reglugerðin einnig gildi 1. júní 2023
 - Samtrygging er skylduaðild og getur því ekki tryggt upplýsingagjöf áður en samningur er gerður og því undanþeginn því, en ekki séreignaleiðirnar




SFDR – Upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu

Hvernig á að skilgreina sjóði undir SFDR?

- Gagnagæði hamla því að miklu leyti að sjóðir á Íslandi geti skilgreint sig sem 8. gr. og sérstaklega 9. gr. sjóðir
- Líkur á því að sjóðir þori ekki að skilgreina sig sem 8. eða 9. gr. sjóði, þó þeir starfi sem slíkir, af ótta við að vera sakaðir um grænþvott
 - Ekki nógu margar sjálfbært skilgreindar fjárfestingar
 - Vinnur ekki með markmiðum reglugerðarinnar

Hvernig á að skilgreina sjóði undir SFDR?





CSRD – Upplýsingagjöf í sjálfbærni stórra og/eða skráðra fyrirtækja

Hver er tilgangurinn?

- Auknar kröfur til félaga um áreiðanlega og samanburðarhæfa upplýsingagjöf um sjálfbærni í starfsemi
 - Tekur gildi innan Evrópu fyrir fjárhagsárið 2024
 - Enn óinnleidd inn í íslenskan rétt, líklegt að það verði gert samtímis á Íslandi
- Reglugerðin krefst einnig upplýsinga frá „non-financial“ fyrirtækjum og því mikilvægt púsl fyrir fjármálafyrirtæki í áhættustýringu og til að uppfylla þær reglur sem Evrópusambandið er að varpa á fjármálaheiminn
- Hvað er að breytast?
 - Tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD) kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (grein 66.d)
 - Tilskipuninni fylgir nýr staðall (European Sustainability Reporting Standards (ESRS)) sem byggir á tveimur almennum viðmiðum og 10 viðmiðum um umhverfis-, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS)
 - Kröfur ESRS eru ítarlegar og munu fyrirtæki þurfa að útlista hvernig viðskiptamódel og stefna þeirra samræmast sjálfbærnivægferð og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda
 - Krafa er um að fyrirtæki framkvæmi tvöfalda mikilvægisgreiningu og þurfa þessar upplýsingar að vera staðfestar af 3ja aðila
 - Upplýsingagjöfin verður hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi og skulu vera vel-læsilegar og birtar í miðlægum evrópskum gagnagrunni
- Líklega sama gildissvið og EU Taxonomy og því ólíklegt að lífeyrissjóðirnir verði teknir með
 - Engu að síður afar mikilvægt fyrir áhættustýringu lífeyrissjóða og samanburðarhæfni upplýsinga



Gildissvið ESB reglugerðanna

Stærri/skráð fyrirtæki falla undir fyrst um sinn en smærri koma síðar

Flokkunarreglugerð ESB – EU Taxonomy

~ 300 fyrirtæki á Íslandi

- Fyrirtæki sem uppfylla tvö eða fleiri viðmið:
 - Heildareignir: 3 ma.kr.
 - Hrein velta: 6 ma.kr.
 - Meðal ársverk: 250
- Félög tengd almannahagsmunum



Taka gildi 1. júní 2023 til birtingar í
ársuppgjörum 2023.

Sjálfbærniupplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu – SFDR

~ Fjármálafyrirtæki á Íslandi

- Fjármálafyrirtæki, fjármálaráðgjafar, verðbréfafyrirtæki og váttryggingamiðlarar
- Á við um fyrirtækin sjálf og afurðir þeirra
- Birta skal upplýsingar í skilmálum, í samningum, reglulegum skýrslum og á heimasíðum



Taka gildi 1. júní 2023, birta upplýsingar á
heimasíðu og í tilheyrandi gögnum fyrir þann
tíma og til birtingar í ársuppgjörum 2023.

Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja – CSRD

~ 300 fyrirtæki á Íslandi

- Fyrirtæki sem uppfylla tvö eða fleiri viðmið:
 - Heildareignir: 3 ma.kr.
 - Hrein velta: 6 ma.kr.
 - Meðal ársverk: 250
- Félög tengd almannahagsmunum



Líkleg að taki gildi vegna fjárhagsársins 2024.



Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóðanna

Hvað geta lífeyrissjóðirnir gert til að styðja við þróunina?

- Nota eigendaáhrif og beita sér í gegnum hluthafastefnuna
 - Beita sér fyrir auknu gangsæi, gæðum og samræmingu upplýsinga
 - Reglugerðirnar hjálpa en langt í fulla virkni
 - Að fyrirtæki og útgefendur verðbréfa setji sér skýr, mælanleg markmið og framfylgi þeim
 - Mögulegt er af hálfu sjóðanna að setja fram ákveðin áhersluatriði þegar viðeigandi upplýsingar liggja fyrir
- Tryggja að tekið sé tillit til loftslagsáhættu við fjárfestingarákvarðanir lífeyrissjóðanna á viðeigandi hátt hverju sinni og að mat á áhrifum loftslagsáhættu fylgi framþróun
- Auka og samræma upplýsingar sem lífeyrissjóðir veita um sjálfbærnimál
- Kalla á aukna möguleika varðandi fjárfestingu í vistvænum orkugjöfum og innviðaverkefnum



Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóðanna

Hvað geta stjórnvöld gert til að aðstoða lífeyrissjóðina í vegferðinni?

- Hröð, fyrirsjáanleg og vönduð upptaka Evrópureglugerðanna til að stuðla að aukinni samræmdri upplýsingagjöf
 - Setja skýr plön um innleiðingu á miðlægum stað og hraða ferlinu
 - Tryggja vandaða hvata
 - Viðhalda þarf opnum samskiptum milli hagaðila, stjórnvalda og FME og reglulegri endurskoðun á regluumhverfi
 - Tryggja miðlægur upplýsingar sem gagnast við mat á loftslagsáhættu fyrirtækja og atvinnugeira
- Mætti huga að breytingum á lögum nr. 129/1997 til að auðvelda fjármögnun á verkefnum sem stuðla að sjálfbærni
 - Rýmka/afnema hámark á hlutfalli óskráða eigna af heildareign sjóðanna
 - Rýmka/afnema hámark á hlutfalli af heildarverðmæti í einstaka félagi
 - Skýra enn frekar heimild lífeyrissjóða til að taka tillit til UFS þátta í fjárfestingarákvörðunum með því að bæta við eftirfarandi setningu úr Evróputilskipun við lífeyrissjóðslögin:
 - *”Aðildarríkin skulu, innan ramma varfærnisreglunnar, heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri að taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa ákvarðana um fjárfestingar á umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti”*
- Leggja áherslu á aukna möguleika varðandi fjárfestingu í vistvænum orkugjöfum og innviðaverkefnum
- Kanna hvaða önnur lög og reglugerðir gætu verið hamlandi fyrir þróunina
 - T.d. hægt að skoða svigrúm sveitafélaga hvað varðar eignarhlutfall í innviðafjárfestingum svo fjárskortur sveitafélaga stöðvi ekki nauðsynleg sjálfbær verkefni



Áhættustýring til framtíðar

Hvar fáum við gögnin?

■ Dæmi um gagnaveitur á erlendum markaði

- MSCI og Sustainalytics taldir bestir
 - MSCI og Sustainalytics veða hvorn annan upp hvað varðar virkni og dýpt
 - MSCI með mun sterkara skýrslutól og auðveldara að greina söfn og sjóði í heild
 - Sustainalytics er í sumum tilvikum með dýpri og breiðari umfjöllun
- ESB reglugerðir gilda ekki utan EES – hvað gerum við varandi USA fjárfestingar

■ Dæmi um gagnaveitur á innlendum markaði

- Skýrslur og ársreikningar fyrirtækja
- Vera hjá Creditinfo
 - Mun safna **öllum helstu sjálfbærnigögnum** óháð því hver býr þau til fyrir **öll íslensk fyrirtæki**
 - PCAF, EU Taxonomy, CSRD og gera auðvelt fyrir að uppfylla SFDR með ýmissi annarri sjálfbærni upplýsingagjöf
 - Ef fyrirtæki gefa ekki upp upplýsingar um PCAF og virðiskeðjur mun Vera nálgá upplýsingar eftir íslensku módeli
- Klappir
 - Eingöngu upplýsingar um þau fyrirtæki sem þeir meta en djúp umfjöllun
- Reitun – sjálfbærnieinkunn
- ESAP (European Single Access Point)



Áhættustýring til framtíðar

Hvað getum við gert?

“Common sence”